

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2012 er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði sorphirða á 14 daga fresti kr. 28.500

Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp kr. 14.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. nóvember 2011, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá nr. 291/2011 fellur úr gildi á sama tíma.

Hvammstanga, 17. febrúar 2012.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. febrúar 2012